

# Fréttabréf Brimvers/Æskukots

Febrúar 2017

**Krummi svaf í klettagjá.**

Krummi svaf í klett-a-gjá; kaldr-i vetrar-nótt-u á  
fyrir en dag-ur fag-ur rann, freð-ið nef-ið dregur hann

verður margt að mein-i, verður margt að mein-i;  
und-an stórum stein-i, und-an stórum stein-i.

Fyrsti dagur í þorra er kallaður *bóndadagur*. Þorrablót leikskólans var haldið á bóndadaginn og var foreldrum, ömmum og öfum boðið í kaffi og hákarl fyrir hádegi. Í hádeginu var boðið upp á þorramat og söng. Meðal þess sem boðið var upp á var súrsaðir hrútsþungar, svið, sviðasulta, harðfiskur, hangikjöt, slátur, laufabrauð og hákarl.

Foreldrum, ömmum og öfum er boðið í heimsókn í leikskólann 17. febrúar nk. í tilefni af konudeginum frá kl. 8:00-10:00.



## Mikilvægar dagsetningar

- 6. feb. – Dagur leikskólans
- 8. feb. – Skólaheimsókn, börn f. 2013
- 15. feb. – Skólaheimsókn, börn f. 2011
- 17. feb. – Konudagskaffi kl. 8 -10, foreldrar, afar og ömmur velkomin í heimsókn
- 21. feb. – Starfsdagur – Leikskólinn lokaður
- 22. feb. – Skólaheimsókn, börn f. 2012
- 27. feb. – Bolludagur
- 28. feb. - Sprengidagur
- 1. mars – Öskudagur (furðufatadagur í leikskólanum)

Efnisyfirlit	
Mikilvægar dagsetningar .....	
Starfsdagur 21. febrúar – Leikskólinn lokaður .....	
Námsmat á mörkum skólastiga .....	
Fundagerðir .....	
Umhverfisnefnd .....	
Foreldraráð .....	

## Dagur leikskólans

Dagur leikskólans er haldinn hátíðlegur á hverju ári þann 6. febrúar. Samstarfsaðilar um Dag leikskólans eru Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla, Samband íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Heimili og skóli – landssamtök foreldra. Allir sem koma að málefnum leikskólans á einn eða annan hátt eru hvattir til að halda Degi leikskólans á lofti og fylgjast vel með starfsemi leikskólanna þennan dag.

Börn og starfsfólk í Brimveri/Æskukoti fóru í gönguferðir í tilefni dagsins. Nemendur í Æskukoti fóru að stytta Páls Ísólfssonar og tóku lagið þar. Nemendur á Brimveri heimsóttu íbúa á Sólvöllum og sungu fyrir heimilisfólk. Einnig hefur hver deild leikskólans útbúið „gestabók“ þar sem foreldrar, nemendur og kennarar geta skrifað kveðju, hvatningu eða gullkorn til deildarinnar og leikskólans.



## Starfsdagur 21. febrúar – Leikskólinn lokaður

Leikskólinn verður lokaður þriðjudaginn 21. febrúar vegna starfsdags kennara.

Dagskrá:

8:00 Teymisfundir

9:30 Barnavernd – Anný Ingimarsdóttir, verkefnastjóri félagslegrar ráðgjafar

10:00 Snemmtæk íhlutun – Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur

12:00 Hádegismatur

13:00- 16:00 Þróunarverkefnið Námsmat á mörkum skólastiga

Þróunarverkefnið „Námsmat á mörkum skólastiga í Árborg“. Allir leikskólar og grunnskólar sveitarfélagsins taka þátt í verkefninu ásamt FSu. Verkefnið, sem styrkt er af Sprotasjóði, beinist að því hvernig þróun námsmats getur stuðlað að samfellu milli skólastiga með það að meginmarkmiði að bæta námsaðstæður, nám og árangur nemenda.

7. júní 2017 – Leikskólinn lokaður

6. júlí 2017 – Sumarfrí hefst, leikskólinn opnar aftur eftir sumarfrí 10. ágúst 2017 ☺

# Námsmat á mörkum skólastiga

## Staða verkefnis í Brimveri/Æskukoti

Verkefnið hefur gengið vel og það gekk vel að koma því af stað. Haldnir voru tveir starfsmannafundir snemma í ferlinu (18. ágúst og 7. september) sem skipti miklu máli. Fundirnir nýttust vel til að hefja verkefnið með þátttöku allra starfsmanna. Á þessum fundum var meðal annars farið yfir matsverkefnið um stöðu námsmats, sterka þætti í námsmati fyrir þessi verkefni skólans og gerðar áætlanir um það sem þyrfti að styrkja. Gerðar voru þrjár framkvæmdaáætlanir með markmiðum og útlínum að skipulagi vetrarins og voru þær sett í starfsáætlun 2016-2017 sem er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

### Forgangsverkefni skólans fyrir veturinn eru þrjú:

**1) Lýðræði** – þátttaka nemenda í námsmati. Markmið þess verkefnis er að börnin verði þátttakendur í námsmati sínu (Heilsubók barnsins) undir kaflanum *Lífsleikni* (leikur, samskipti og líðan) og að niðurstöður úr skráningum verði nýttar við innra mat vorið 2017.

Staða mála - Elstu börnin komu með foreldrum sínum í viðtal á haustönn 2016, reynslan af því hefur verið metin og þótti ganga nokkuð vel. Stefnt er að því að hafa nemendur aftur með í viðtölum á vorönn 2017. Gert var skráningarblað með umræðupunktum sem foreldrar fóru yfir með nemendum fyrir viðtalið. Blaðið var yfirfarið og það bætt fyrir viðtöl í vor.

Teymisvinna – deildarstjórar eldri deilda stýra þátttöku nemenda í námsmati og vinna saman í teymi með starfsfólki deilda. Gerðar eru skráningar í Heilsubók barnsins fyrir alla nemendur tvisvar á ári og foreldraviðtöl tekin í kjölfar skráningar.

**2) Skipulag snemmtækra íhlutunar** - Þar er markmiðið að auka þekkingu kennara til að nýta mastskráningar og vinna í anda snemmtækra íhlutunar og flokka námsgögn eftir hugmyndafræði snemmtækra íhlutunar.

Staða mála – Allt starfsfólk leikskólans hefur fengið fræðslu um snemmtæka íhlutun. Hafin er vinna við handbók með verkferlum er varðar snemmtæka íhlutun í skólastarfinu, skimanir, ferli og bjargir. Flokkun námsgagna er enn í vinnslu. Stefnt er að því að flokkun námsgagna verði lokið á skólaárinu. Lögð hefur verið áhersla hefur verið á að vinna markvisst út frá niðurstöðum skimana og bregðast strax við ef áhyggjur vakna. Ásthildur B. Snorradóttir, talmeinafræðingur, er einnig ráðgjafi skólans varðandi snemmtæka íhlutun, hún hélt fræðslufund með öllum starfsmönnum 18. ágúst. Ásthildur mætti á fund þróunarstjórnar 16. des. til að fara yfir stöðu mála og verður með fræðslu f.h. á starfsdegi 21. janúar nk. með öll starfsfólki.

Teymisvinna – Sérkennslustjóri heldur utan um verkefnið með deildarstjórum og starfsfólki deilda. Áhersla er á að bregðast við, upplýsa og samræma vinnubrögð með nemendum, foreldrum og á deildum. Bæta aðgengi að kennslugögnum og nýta með nemendum eins og best á við hverju sinni. Safna gögnum/verkferlum í Handbók leikskólans.

**3) Starfsþróun kennara v/matstækja sem nýtt eru í leikskólanum** - í tenglum við framangreind verkefni. Þar eru markmiðin að auka þekkingu kennara við skráningar í Heilsubók barnsins, fjölga kennurum sem hafa TRAS réttindi, efla þekkingu kennara á einhverfu og snemmtækri íhlutun, efla þekkingu kennara á skipulagðri kennslu, auka þekkingu/réttindi kennara á AEPS skráningarlista.

Staða mála – Hér hafa náðst ákveðnir áfangar eins og kynning á matstækjum sem nýtt eru í leikskólanum með öllum starfsmönnum. Það hefur gengið samkvæmt áætlun að skrá og senda kennara á námskeið til að auka þekkingu og réttindi á þau matstæki sem notuð eru. Í janúar 2017 voru tekin starfsmannasamtöl þar sem farið var yfir óskir og þarfir allra starfsmanna vegna eigin starfsþróunar og fyrir heildina. Niðurstöður verða hafðar til hliðsjónar þegar skólaárið 2017-2018 er skipulagt.

Teymisvinna – Leikskólastjóri heldur utan um skráningar á námskeið ásamt deildarstjórum og starfsmönnum.

**Framiðarsýn** er að unnið sé í þeim anda að gert sé ráð fyrir þátttöku nemenda í öllu skólastarfinu og þar með í eigin námsmati. Efla lífsleikni nemenda þar sem þeir geta haft áhrif á líðan, samskipti og leik. Til þess að það gangi sem best þarf vel upplýst starfsfólk um þroska, námsmat og mikilvægi snemmtækra íhlutunar – hvað á að gera, hvernig á að vinna og hafa gott aðgengi að björgum. Ásamt góðri samvinnu og samræmdum vinnubrögðum innan skólans, við foreldra, á milli skólastiga og við skólaþjónustu Árborgar. Að starfsfólk hafi tækifæri fyrir reglulegt samráð og starfsþróun. Að koma á reglulegum heimsóknnum milli kennara á Brimveri og Æskukoti til að kynnast betur og læra hver af öðrum. Að nýta niðurstöður sem t.d. fást við skráningar í Heilsubók barnsins við innra mat á skólastarfi.

### **Að lokum**

Almenn ánægja er með framgang þróunarverkefnisins innan skólans. Mikilvægt er að upplýsa alla og nýta vel þann tíma sem við höfum fyrir samráð. Á skólaárinu hafa starfsdagar verið vel nýttir. Hindrandi þættir eru skortur á tíma fyrir samráð kennara og deilda, deildarfundir og að hafa reglulega starfsmannafundi þar sem oft er langt á milli starfsdaga. Regluleg ígrundun og umræða á milli kennara er mjög mikilvæg til að lærdómssamfélag þróist sem best innan skólans.

Meðbyr: Áhugi á mikilvægi verkefnisins fyrir skólastarfið, verkefnið styður við starfsþróun og samstarf á milli kennara og skóla. Þátttaka í verkefninu hefur styrkt lærdómssamfélag skólans, það hefur kallað á sjálfsskoðun, ígrundun, mat, áætlanir um framkvæmd og svo endurtekur sagan sig. Við erum rétt lögð af stað en höfum notið ferðarinnar á svo margan hátt en markmiðið er að nemendum líði vel, njóti og læri. Að okkar mati er verkefnið ekki viðbót við skólastarfið heldur frekar innrömmun og ígrundun á því sem felst í starfi okkar.

Í þróunarstjórn skólans eru: Auður Elín Hjálmarsdóttir, deildarstjóri, Drífa V. Erhardsdóttir, Júlíana María Nílsen, deildarstjóri, Sigríður Birna Birgisdóttir, leikskólastjóri, Vigdís Jónsdóttir, deildarstjóri, Elín María Karlsdóttir, deildarstjóri kemur inn fyrir Öldu Rós og Sædís Sif Harðardóttir, sérkennslustjóri. Sigríður Birna er tengiliðurinn við verkefnisstjóra.

Innan þróunarstjórnarinnar er framkvæmdastjórn sem í sitja Drífa, Sigríður Birna og Vigdís.

Fundir sem haldnir hafa verið vegna verkefnisins innan skólans eru: starfsmannafundir með þátttöku allra starfsmanna, fundir þróunarstjórnar, fundir framkvæmdastjórnar og einnig hafa deildarstjórafundir verið nýttir og deildarfundir.

Verkefnið hefur verið kynnt foreldrum, á fundum með foreldraráði og í foreldrafélagi.

# Fundagerðir

## Umhverfisnefnd

01.02.17 - Fundur umhverfisnefndar Brimvers/Æskukots

Haldinn í Barnaskólanum á Stokkseyri í skólabókasafninu kl. 10:50-11:20

Mætt: Sara Lind, Mía, Orri Fannar, Haraldur Aron, Kristinn Georg, Óskar Vilhelm, Védís Reyn, Kolbrá Agla, Finnur Andri (nemendur) Vigdís, Elín María, Íris Rán og Sigga Birna (kennarar) Hafdís (bókasafnsvörður)

1. Allir elstu nemendur leikskólans eru í umhverfisnefnd og eru mættir á fundinn
2. Rifjuðum upp frá síðasta fundi hvernig á að umgangast bækur til að þær endist sem best og margir geti notið, hvernig best er að ganga um bókasafnið, framkomu og vináttu til að öllum líði sem best
3. Lýðheilsa - umræður um mikilvægi þess að hugsa vel um heilsu sína. Þar kom fram að gæta þarf að svefni, hollustu matar, hreyfingu, leika sér, vera vinir og útiveru. Söngur um mikilvægi vináttu og leiks „Við erum vinir“
4. Tannvernd - **Tannverndarvika 30. janúar - 3. febrúar 2017** með skilaboðum til landsmanna um að draga úr neyslu sykraðra drykkja og sætinda. Hvatt til að leggja áherslu á fræðslu, umfjöllun og viðburði sem stuðla að því að draga úr neyslu sykraðra drykkja og sætinda. Umræður um tennur og mikilvægi þess að hugsa vel um tennurnar. Fórum saman yfir efni frá embætti landlæknis „Burstum saman til tíu ára aldurs“
5. Gátlisti vegna lýðheilsu - Nemendum var skipt í þrjá hópa með kennurum og fór hver hópur yfir umhverfismat fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla sem er á vef Landverndar
6. Heimavinna fyrir næsta fund umhverfisnefndar er að fylla út umhverfismat fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla fyrir neyslu og úrgang á Brimveri/Æskukoti

Fundi slitið. Næsti fundur verður haldinn í mars.



Þriðji fundur foreldraráðs leikskólans Brimvers/Æskukots skólaárið 2016-2017.

Mættar eru Sigríður Birna Birgisdóttir, Vigdís Sigurðardóttir formaður foreldraráðs, Vigdís Jónsdóttir deildarstjóri Merkisteins, Þóra Ósk Guðjónsdóttir og Sigrún Ína Ásbergisdóttir.

Rætt um aðgengi fatlaðra við Brimver. Einungis hefur eitt bílastæði verið merkt fötluðum en þar sem þörf er á fleiri slíkum stæðum hefur verið brugðið á það ráð að merkja annað stæði fötluðum. Þá er þörf á að leggja hitalagnir í stæðið og afmarka það betur með málningu.

Einnig þarf að gera endurbætur fyrir sorptunnur við Brimver en þær þykja ekki nógu vel festar.

Jólaball leikskólans sem haldið var í BES á Stokkseyri þótti takast með eindæmum vel. Almenn ánægja ríkir með viðburðinn en meðal annars má nefna tímasetningu, veitingar, skemmtiatriði (sem voru í formi lifandi tónlistar og nemenda elsta stigs sem klæddust jólasveinabúningum), hátíðlega stemningu og gott samstarf á milli leikskólans og barnaskólans.

Þróunarverkefnið „Námsmat á mörkum skólastiga“ er í fullum gangi í skólum Árborgar. Lokaskýrsla verður gerð í vor en sú vinna sem hafin er í leikskólanum mun halda áfram næsta skólaár. Gott skipulag einkennir verkefnavinnuna en þó viðurkennist að tíminn sem gefst til vinnunnar er afar takmarkaður. Starfsmannafundur mættu vera fleiri og hefur það komið skýrt fram að hver einasta mínúta starfsdaga leikskólastarfsmanna er vel nýtt.

Starfsáætlun Brimvers/Æskukots rædd. Starfsfólki hrósað. Rætt um gott samstarf á milli foreldra og starfsmanna.

Skóladagatal 2017-2018 til umræðu.

Rætt um þrif á húsnæði leikskólans eftir ráðningu núverandi ræstitækna. Einungis heyrðust jákvæðar raddir.

Salernin í eldri deildum þykja vera á óhentugum stað eða í anddyri hvorrar deildar. Það gefur börnunum lítið næði. Nú standa yfir endurbætur á húsnæði Brimvers en meðal þess sem verður bætt er salernisaðstaða yngri deildar, undirbúningsaðstaða og kaffistofa starfsfólks. Endurbæturnar ganga vel og mikil ánægja er meðal starfsfólks.

Rætt um skólaþjónustu Árborgar. Sérfræðiþjónusta þykir mjög öflug og aðgengi að henni hefur verið gott.

Rætt um Árborgarmódelið, árangur grunnskólanna í PISA og mikilvægi samvinnu á milli skólastiga.

Skólastarf Brimvers/Æskukots gengur vel. Þann 6. febrúar verður dagur leikskólans haldinn hátíðlegur í 10. skipti og stefnt er á að ganga fylktu liði um nærumhverfi leikskólans.